

43.tbl.

8. des. 2021

28 árg.

# Hlaupastelpan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Dagný Pétursdóttir-hlaupastelpan@isl.is - s: 8953386

## Skógræktin Vaglaskógi.

Laugardaginn 11. desember verður jólatrjáasala í starfstöðinni í Vaglaskógi. Opið verður frá kl. 13 til 16 og hægt að kaupa jólatré, skreytingarefni og timburafurðir úr skóginum.



Opið á vinnustofu minni í Kvígindisdal, næstu tvær helgar 11.12.18. og 19. desember, milli kl. 12 og 16.

Íslenskt handverk, svo láttu það ganga.

Verið velkomin í heimsókn, sjón er sögu ríkari.

Aðventukveðjur, Gunna.



# Auglýsing um skipulagsáform í Skútustaðahreppi

## Breyting á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011 – 2023 og deiliskipulag Skjólbrekku

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps samþykkti þann 27. október 2021 að auglýsa skv. 2. mgr. 41. gr. og 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tillögu að deiliskipulagi Skjólbrekku og breytingu á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011 – 2023.

Breyting á aðalskipulagi felur í sér að 0,6 ha af landbúnaðarlandi við Skjólbrekku á Skútustöðum er skilgreint sem íbúðarbyggð sem nánar er útfærð í deiliskipulagi sem unnið er samhliða breytingu á aðalskipulagi.

Deiliskipulag Skjólbrekku tekur yfir 12,6 ha svæði þar sem litið er til áhrifasvæðisins í heild og settir fram skilmálar um þróun svæðisins, fyrirhugaða íbúðaruppbýggingu og áhrifamat vegna framkvæmda.

## Deiliskipulag Bjarkar

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps samþykkti þann 24. nóvember 2021 að auglýsa skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tillögu að deiliskipulagi Bjarkar. Tillagan byggir á tillögu sem unnin var árið 2009 en tók ekki gildi. Í tillögunni eru tilgreindar núverandi byggingar og áform um bætta aðstöðu fyrir veitingasölu og aðstöðu ferðamanna, byggingarreitur undir íbúðarhús og aðkoma að svæðinu lagfærð. Skipulagssvæðið er 4,24 ha að stærð.

Tillöguuppdrættir og greinargerðir munu liggja frammi á skrifstofu Skútustaðahrepps, Hlíðavegi 6, 660 Mývatn, frá og með föstudeginum 3. desember 2021 með athugasemdafresti til og með föstudeginum 14. janúar 2022. Þá eru upplýsingar einnig aðgengilegar á heimasíðu Skútustaðahrepps undir flípanum skipulagsauglýsingar. Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Skila skal athugasemdum skriflega til skrifstofu Skútustaðahrepps, Hlíðavegi 6 660 Mývatn og/eða í tölvupósti á netfangið: [atli@skutustadahreppur.is](mailto:atli@skutustadahreppur.is). Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillögunar innan tilskilins frests teljast henni samþykkir.

Allar nánari upplýsingar veitir undirritaður.

Atli Steinn Sveinbjörnsson,  
skipulagsfulltrúi Skútustaðahrepps



## Hlaupastelpan

er gefin út á miðvikudögum, velflestar vikur ársins,

Auglýsingum þarf að skila á **mánudögum fyrir kl. 15:00.**

Síðasta Hlaupastelpan ársins 2021 verður gefin út 15. desember nk. og vilji menn birta jólakveðjur í ár þarf að skila þeim inn **fyrir 13. desember**.

### Verðskrá:

Hálfsíðuauglýsing	kr. 3.850.– m.vsk
heilsíðuauglýsing	kr. 5.000.m vsk.
jólakveðja	kr. 2.950.– m.vsk

Auglýsingar skal senda á netfangið [hlaupastelpan@isl.is](mailto:hlaupastelpan@isl.is)

Allar nánari upplýsingar er hægt að fá í síma 8953386.

Hlaupastelpunar er að finna á heimasíðu Þingeyjarsveitar

<https://www.thingeyjarsveit.is/is/hlaupastelpan>



## Frá Skútustaðahreppi

**71. fundur sveitarstjórnar verður haldinn í Skjólbrekku, mið-  
vikudaginn 8. desember 2021 og hefst kl. 09:15**

Dagskrá:

Almenn mál

1. 2112003 - Kálfaströnd - Kaupsamningur
2. 1811035 - Viðaukar við fjárhagsáætlun
3. 2106009 - Fýsileikagreining orkukosta
4. 1709004 - Skútustaðahreppur Húsnæðisáætlun
5. 2108028 - Fjárhagsáætlun 2022-2025
6. 2112004 - Undirbúningsstjórn vegna sameiningar - Fundargerðir
7. 1611015 - Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerðir
8. 1611024 - Skýrsla sveitarstjóra